

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Skinney Þinganes Hornafjörður



Dags eftirlits	6.11.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Skinney Þinganes	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Miðósi 17, Hornafirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4801692989	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Erlingur Brynjólfsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Dorota Henger	Staðsetning	684193,364 421481,264

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram í eftirlitinu þess efnis að niðurstöðum TVN-mælinga var ekki skilað á tilskildum tíma. Þrjár ábendingar voru settar fram: 1) Fara þarf yfir skráningar á olíutönkum og senda eftirlitsaðila uppfærðan lista. 2) Í sýnatöku ársins 2024 skal taka sýni úr öllum frárennslisstraumum verksmiðjunnar. 3) Uppfæra þarf áætlun um frágang vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar. Eitt eldra frávík var opið þegar eftirlitið fór fram, þess efnis að efnageymsla og þró sem tengd er henni, uppfylla ekki kröfur sem eru gerðar í efnalögum, en unnið er að úrbótum skv. samþykktri úrbótaáætlun.

### UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölverksmiðju Skinneyjar-Þinganes, Höfn í Hornafirði.

Fiskimjölverksmiðja Skinneyjar-Þinganes er með starfsleyfi sem gildir til 30. júní 2026. Það heimilar að framleitt sé úr allt að 900 tonnum af hráefni á sólarhring. Þegar eftirlitið fór fram var vinnsla á fyrsta farni sildarvertíðar að hefjast.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Starfsleyfi rekstraraðila gildir til 30. júní 2026. Í eftirlitinu var rætt um að vinna rekstraraðila við nýtt starfsleyfi er að hefjast en málshraðaviðið Umhverfisstofnunar gera ráð fyrir að útgáfa nýs starfsleyfis taki 240 daga eftir að fullgild umsókn liggur fyrir.

Vinna við að skipta upp efnageymslu rekstraraðila gengur skv. samþykktri úrbótaáætlun og eru áætluð verklok fyrir lok árs 2024. Geymslueining fyrir saltsýru og saltþéturssýru hefur verið tekin í notkun og gert er ráð fyrir að öðrum úrbótum ljúki fyrir lok árs 2024.

Nýr olíuketill var tekinn í notkun sumarið 2024 og er uppsett nafnvarmaaf hans 8,4 MW. Við ketilinn er dagtankur sem er um 9.600 lítrar að stærð. Olíu er dælt í hann úr olíutanki sem stendur í olíupró rekstraraðila, og er um 100.000 lítrar að stærð. Í tilkynningu frá rekstraraðila kemur fram að ketillinn er ætlaður sem varaafli til að viðhalda rekstraröryggi verksmiðjunnar. Rekstraraðila er bent á að fara yfir skráningar á olíutönkum og senda eftirlitsaðila uppfærðan lista.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað þann 30. apríl 2024.

Tekin voru sýni úr frárennslisvatni verksmiðjunnar 24.-25. 2023 og efnainnihald þess mælt. Engar athugasemdir eru gerðar við niðurstöður mælinganna en rekstraraðila er bent á að taka, í sýnatöku ársins 2024, sýni úr öllum frárennslisstraumum verksmiðjunnar.

Niðurstöðum TVN-mælinga sem gerðar voru þrjá síðustu mánuði ársins 2023 var skilað til eftirlitsaðila í kjölfar eftirlitsins og er það frávík frá starfsleyfi. Niðurstöðum hvers árs ber að skila eigi síðar en með grænu bókhaldi.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Engar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 og var

skírteini því til staðfestingar afhent eftirlitsaðila í eftirlitinu.

Farið var yfir þær áætlanir sem eiga að vera til staðar. Áætlun vegna bráðamengunar, áætlun um frágang vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar og hreinlætisáætlun voru til staðar. Áætlun um frágang vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar er til staðar en hana þarf að uppfæra og er rekstraraðila bent á að senda eftirlitsaðila endurskoðaða áætlun þegar hún liggur fyrir.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Olíuketill var skoðaður sem og framkvæmdir við efnageymslur. Engar athugasemdir eru gerðar við umgengni eða frágang.

#### Frávík frá

#### Lýsing á frávíki

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Niðurstöðum TVN mælinga var ekki skilað til eftirlitsaðila með grænu bókhaldi fyrir árið 2023.


#### ÁBENDINGAR

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu: 1) Tryggja þarf að allir olútankar séu skráðir undir þeim númerum sem koma fram í öðrum gögnum rekstraraðila. Senda þarf eftirlitsaðila uppfærðan lista. 2) Í sýnatöku ársins 2024 skal taka sýni úr öllum frárennslisstraumum verksmiðjunnar. 3) Uppfæra þarf áætlun um frágang vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 20.12.2024

  
Freyr Evarsson